

FUNDARGERÐ

163. stjórnarfundur KRAFT

163. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 4. mars 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Aron Ingi, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Þórunn Brynja
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÁRSPING

Dagskráin hefur verið send út á þingfulltrúa og birt á heimasíðu KRAFT. Formaður er að semja skýrslu stjórnar og mun senda á stjórnarmeðlimi í vikunni. Ársreikningur verður kláraður í vikunni og birtur um leið og hægt er (á skv. lögum að vera birtur viku fyrir en næst því miður ekki að þessu sinni).

Valdimar Leósson verður fundarstjóri og Hinrik mun heyra í Sigurjóni um að vera varafundarstjóri. Vésteinn Hafsteinsdóttir, afreksstjóri ÍSÍ, og Kristín Skjaldardóttir, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs ÍSÍ, munu flytja ávörp á þinginu.

Rætt um fastanefndir og kosningar sbr. 15 liður (Kosningar).

Ellert Ómar mótsstjóri HM í búnaði mun halda kynningu.

Á þinginu verða kraftlyftingafólki ársins afhentir bikarar og sér Lára um það.

Stjórn samþykkti að leggja til á þingi, þegar umræða hefst um 14. lið (Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils), að hækka þáttökugjöld um 500 kr. á bæði einna lyftu og þriggja lyftu mótum.

3. FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSINS

Gjaldkeri renndi yfir fjárhagsáætlun 2023 og 2024. Afrekssjóður ÍSÍ hefur breytt uppsetningunni og er fjárhagsáætlunin fyrir 2024 aðlöguðu að henni. Gjaldkeri fór í gegnum breytingar.

4. HEIÐURSMERKI

Kristleifur renndi yfir uppfærslu á reglugerð en hann hefur unnið að uppfærslu á henni með aðstoð frá Auðunni og Gry. Kristleifur mun senda uppfærslu á stjórn til yfirlstrar og samþykkis.

Stjórn samþykkti að koma reglugerð í fastari skorður áður en heiðurmerki verða veitt skv. uppfærðri reglugerð. Því verða heiðurmerki ekki veitt á þessu þingi.

5. SAMNINGUR VIÐ SBD

Hinrik átti símafund með SBD fyrr um daginn. Formaður fór í gegnum samninginn með þeim. Mikið af stöðluðum texta. Stjórn ræddi ýmis praktísk atriði. Frekari samræður við SBD eru í gangi. Samningur tekur til open, sub-junior og junior á HM og EM. Stjórn var sammála um að Master

ættu einnig að vera í singlet og bol. Tímaramminn verður tilbúinn HM í klassík í sumar. Hönnun er kominn í gang. Samningur gildir í 4 ár. Hinrik ætlar að heyra með NM og varðandi starfsfólk.

Stjórnarmenn voru allir jákvæðir með fyrirvara um svör frá SBD við fyrirspurnum Hinriks.

6. SBD ÍSLAND

Hinrik og Lára fóru á fund SBD Ísland. Dagskrá fundar var mögulega formlegur samningur milli KRAFT og SBD Ísland um fatnað á 5 stangarmenn pr. mót (stuttbuxur, bolir og sokkar) . Ef á mótinu eru fleiri stangarmenn fær KRAFT afslátt á viðbótarfatnað. Einnig leggur SBD Ísland til gjafabréf á mótum. Eitt skillyrði hjá SBD Ísland er að aðeins SBD má vera með bás á innlendum mótum (eins og er í dag á IPF og EPF mótum) (þess má geta að á innlendum mótum hafa síðustu ár aðeins SBD verið að selja búnað á bás). Aðilar sem eru ekki í beinni samkeppni við SBD geta verið með bása. Samningurinn yrði til 4 ára. Í samningsdrögum sem voru rædd á fundinum kom fram að aðeins er um að ræða ÍM mót en ekki Bikarmót. Hinrik fær staðfest hvort það sé rétt eða að Bikarmót fara undir sama hatt.

Stjórn tók vel í fyrstu drög. Hinrik hefur samband við SBD Ísland um að drafta upp fyrstu samningsdrög.

7. ASJ

Uppfærsla þarf áætlun ársins. Einnig ganga frá einstaklingssamningum og samningi KRAFT við Afrekssjóð ÍSÍ.

8. HM Í BÚNAÐI

Undirbúningur gengur vel. Komið er tilboð um 30% afslátt á búnaði frá Eleiko. Er í skoðun að fá meiri afslátt. KRAFT mun hafa samband við félög um kaup á búnaði þegar tilboðið er endanlegt eða amk skýrara. Þegar kominn áhugi frá nokkrum félögum.

9. MÓT OG NÆSTU VERKEFNI

- EM öldunga á Malaga gekk í alla staði mjög vel. 11 íslenskir keppendur sem allir stóðu sig vel og var góður andi í hópnum.
- Mótið hjá ÍA heppnaðist vel og gekk frágangur á mótstað vel.
- Bikarmótið í apríl verður hjá Breiðabliki og styttist í að auglýsingum.
- EM í búnaði (öldunga og opnum) verður í maí í Luxemborg. Sæmundur mun keppa á móti öldunga. Kristleifur ferð með honum sem þjálfari og um leið taka alþjóðadómaraprófið. Í opnum flokki verða þrír keppendur: Alex, Sóley Margrét og Guðfinnur. Aðstoðarmenn verða Auðunn, Þorsteinn og Júlían.

10. ÖLDUNGFLOKKUR

Rætt um hvort skipa eigi yfirþjálfara (eng. Head Coach) fyrir öldungaflokkinn. Formaður lagði til að Kristleifur tæki það að sér sem samþykkti það.

Stjórn samþykkti.

11. ÖNNUR MÁL

-

12. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

13. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.25.